

Eiríkur Rögnvaldsson

Má gera kynusla í íslenskunni?

1. Inngangur

Ef ég hefði átt að flytja þetta erindi fyrir tveimur árum eða svo hefði það orðið allt öðruvísi. Reyndar hefði tæpast komið til þess að ég færi að tala á ráðstefnu um mál og kyn á þeim tíma því að ég hafði ekkert velt þeim málum fyrir mér. En ég hafði samt á þeim sterkar skoðanir eins og kemur fram í kennslubók minni, *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*, sem kom út 2013. Karlkyn er ómarkað eða hlutlaust kyn í íslensku og þess vegna segjum við *Enginn má yfirgefa húsið* þótt við vísum til blandaðs hóps karla og kvenna, og við segjum líka *Allir tapa á verðbólgunni* án þess að meina að það séu bara karlmenn í þeim hópi. Í þessu felst ekki nein karlremba eða útilokun kvenna – svona virkar tungumálið bara, og fyrir því eru sögulegar ástæður. Hefði ég sagt fyrir tveimur árum. Og ég hefði haft rétt fyrir mér, þannig séð. Ég hefði líka sagt að það væri alveg út í hött að taka upp sérstakt þriðju persónu fornafn í stað *það*. Líklega hefði ég ekki neitað því að ákveðin neikvæð viðhorf fælust í notkun *það* um fólk, en ég hefði sagt að réttu viðbrögðin við því væru að breyta viðhorfunum, ekki tungumálinu. Þar að auki fannst mér *hán* ljótt orð.

En ég skipti um skoðun, og þau Þorbjörg Þorvaldsdóttir, María Helga Guðmundsdóttir og Alda Villiljós bera alla ábyrgð á því. Þorbjörg fékk mig til að fara í dómnefnd í nýyrðasamkeppni Samtakanna 78 sem haldin var haustið 2015. Það var merkileg upplifun fyrir svona streit náunga eins og mig að heyra um margvísleg kyn, kynhneigðir og kynvitundir sem ég hafði aldrei frétt af, og átta mig á vilja og þörf fólks til að tala um sjálft sig og tilfinningar sínar – og nota íslensku til þess. Á degi íslenskrar tungu þetta haust, 16. nóvember, komu svo þau María Helga og Alda á fund hjá Mími, félagi íslenskunema, og töluðu um stöðu kynsegin fólks í tungumálinu. Þá rann upp fyrir mér ljós – ég vildi ekki að málið mitt mismunaði fólk. Ef við þurfum að breyta málinu til að komast hjá því, þá gerum við það. Í þessu erindi ætla ég að tala um hversu langt sé hægt að ganga í því.

2. Hvorugkyn sem hlutlaust kyn

Eins og við vitum öll hefur íslenska þrjú kyn í fallorðum – karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn. Við erum vön því og finnst það edlilegt, vegna þess að við tengjum þetta við líffræðilegt kyn. Líffræðileg kyn hafa að vísu fram undir þetta bara verið talin tvö, karlkyn og kvenkyn, en við sættum okkur við að það sé til eitthvert þriðja gildi, eitthvað hlutlaust – hvorugkyn, hvorugt kynið. Þessi tenging við líffræðilega kynið getur valdið því að okkur finnst oft að tungumál sem hafa færri kyn en íslenska séu á einhvern hátt ófullkomin – mál eins og danska með sitt samkyn í stað karlkyns og kvenkyns, að ekki sé talað um ensku og finnsku með aðeins eitt kyn. En þessi tungumál virðast komast vel af þrátt fyrir þessa kynjafátækt. Og tilfellið er að kyn í tungumálum eru mjög mismörg, allt frá engu sem er langalgengast upp í 20. Hvernig má það vera?

Málið er að kyn í tungumáli er málfræðileg flokkun en ekki líffræðileg. Vissulega eru sterk tengsl milli málfræðilegs og líffræðilegs kyns í mörgum tungumálum, þ. á m. íslensku, en þau eru alls ekki algild eins og þið vitið. Það eru til hvorugkynsorð eins og *fljóð* og *sprund* sem vísa til kvenna, og hvorugkynsorðið *skáld* hefur svo sterka tengingu við karlmenn að nauðsynlegt hefur þótt að mynda orðin *skáldkona* og *kvenskáld* til að vísa til kvenna. Sama máli gegnir um ýmiss konar aðra málfræðilega flokkun sem hefur tengsl við efnisheiminn – þau tengsl eru sjaldnast alveg föst. Við segjum t.d. að eintala sé notuð til að vísa til eins en fleirtala vísi til fleiri en eins. Samt þekkjum við öll orð eins og *buxur* og *skæri* sem vísa til eins hlutar og eru ekki til í eintölu. Orð eins og *fólk* og *fjöldi* eru eintöluorð en vísa vitanlega til fleiri en eins. Svo mætti lengi telja.

Því fer fjarri að kynin í íslensku séu öll jafnvæg. Á undanförunum árum hefur andstæðan **markað : ómarkað** oft verið notuð til að lýsa venslum innan málkerfisins. Ómarkað merkir þá hlutlaust, það sem er sjálfgefið, en markað er það sem er notað við einhverjar sérstakar aðstæður – það er eitthvað sem kallar á notkun þess. Hvorugkynið heitir á latínu *neutrum*, *neuter* á ensku, og það merkir ‚hlutlaust‘. Það mætti því búast við að hvorugkynið væri ómarkað kyn í íslensku. Á það reynir t.d. þegar vísa þarf til bæði karlkyns- og kvenkynsorða með einu fornafni, eða þegar lýsingarorð í stöðu sagnfyllingar á við bæði karlkyns- og kvenkynsorð. Þá er vissulega oftast notað hvorugkyn – *Jón og Gunna eru komin* (en ekki *komnir* eða *komnar*). *Þau eru skemmtileg*. Þetta er samt ekki alveg einfalt, sérstaklega þegar um safnheiti er að ræða, en ég get ekki farið út í það hér. En þarna er um að ræða málfræðileg vensl og vísun innan setninga eða milli setninga. Öðru máli gegnir um vísun út fyrir tungumálið – þegar vísað er til blandaðs hóps karla og kvenna án þess að þau hafi verið nefnd. Þar er yfirleitt notað karlkyn og við segjum *Allir eru mættir* um blandaðan hóp eins og áður er sagt.

En hvers vegna notum við ekki hvorugkyn og segjum *Öll eru mætt*? Fyrir því eru sögulegar ástæður. Í indóevrópska frummálinu voru tvö kyn – annað var notað um lífverur en hitt um dauða hluti. Hið fyrnefnda mætti svo sem kalla samkyn en það er sögulega séð fyrirrennari karlkyns, í þeim skilningi að karlkynsbeygingu má hljóðsögulega rekja til þess. Það eru eingöngu lífverur sem geta verið gerendur í setningum og vegna þess að nefnifall var fall gerandans voru það eingöngu karlkynsorð sem höfðu sérstaka nefnifallsmynd. Hvorugkynsorðin gátu ekki táknað gerendur og þurftu því ekki á nefnifalli að halda. Þegar tengsl milli merkingar og setningagerðar breyttust og hvorugkynsorð fóru að geta staðið í stöðu sem krafðist nefnifalls urðu þau að koma sér upp nefnifallsmynd, og það var gert með því að taka þolfallsmyndina og láta hana líka þjóna sem nefnifall. Þetta er ástæðan fyrir því að hvorugkynsorð eru alltaf eins í nefnifalli og þolfalli, bæði í eintölu og fleirtölu.

Kvenkyn þróaðist síðan úr hvorugkyninu, en þótt kvenkyn væri komið til fékk það ekki jafnstöðu við karlkynið. Hið gamla samkyn, sem nú var orðið karlkyn af því að kvenkyn var komið til, hélt ýmsum samkynshlutverkum sínum, t.d. því að geta vísað til blandaðs hóps en ekki bara karla. Þess vegna segjum við enn *Allir eru mættir* og ég get alveg haldið áfram að

segja, eins og ég sagði til skamms tíma, að það sé ekkert athugavert við að segja það þótt verið sé að vísa bæði til karla og kvenna. Frá málfræðilegu sjónarmiði er það rétt.

En málfræðin stjórnar ekki upplifun fólks, og þótt kynbeyging og flokkun orða í kyn sé í grunninn málfræðilegs eðlis verður ekki fram hjá því litið að hún hefur mjög sterk tengsl við líffræðilegt kyn í huga fólks. Ef mörg, bæði konur og þau sem skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns, upplifa það þannig að þau séu á einhvern hátt sniðgengnin með notkun karlkyns í slíkum dæmum, þá finnst mér nauðsynlegt að velta fyrir sér hvort og hvernig sé hægt að bregðast við því.

Tungumál breytast, líka íslenska. Það er ekkert því til fyrirstöðu að segja *Öll eru mætt*. Mörg hafa mælt með því. Hópur kvenna innan kirkjunnar hefur t.d. um tíma beitt sér fyrir því að breyta málnotkun í kirkjulegum athöfnum og ritum þannig að málið höfði betur til kvenna. Þetta er það sem hefur verið kallað „mál beggja kynja“. Mér finnst ekkert að því að segja t.d. *Mörg telja að ...*, *Sum segja að ...* o.fl. Annað er erfiðara – mér finnst ekki hljóma vel að segja *Ýmis vona að ...*. Og sumt er alveg ómögulegt. Í staðinn fyrir *Enginn vill að ...* er tæpast hægt að segja *Ekkert vill að ...*. Það er samt hægt að snúa sig út úr þessu með því að nota fleirtöluna: *Engin vilja að ...*. Ég sé ekki að það séu nein málsþjöll þótt þetta breytist. Það er ekki verið að koma með neitt nýtt inn í málið – hvorugkynið er til. Þetta er ekki beinlínis breyting á málinu, heldur á notkun þess.

Það er aftur á móti snúnara að fást við karlkynsnafnorð, sambeygingu með þeim og vísun til þeirra. Mjög mörg starfsheiti, þjóðaheiti o.s.frv. eru karlkyns. *Kennari* er karlkynsorð, *málfræðingur* er karlkynsorð, *Íslendingur* er karlkynsorð, *Akureyringur* er karlkynsorð, o.s.frv. Við höfum þrjá kosti með slík orð. Einn er að búa til hvorugkynsorð í staðinn. Það er ekki einfalt, m.a. vegna þess að við höfum enga beygingarendingu sem gefi hvorugkyn ótvírætt til kynna eins og *-ur* og *-i* tákna (oftast) karlkyn og *-a* tákna (oftast) kvenkyn. En hvorugkynið er endingarlaust – nema veika beygingin, sem er eiginlega frátekin fyrir orð um líffæri og líkamshluta.

Annar kostur væri að halda orðunum óbreyttum en breyta tilvísun og sambeygingu. Þá gætum við t.d. sagt *Ég hitti tvo kennara/Akureyringa áðan. Þau voru hress*, þ.e. vísað til karlkynsorðanna *kennari* og *Akureyringur* með fornafni í hvorugkyni, ef um fólk af fleiri en einu kyni væri að ræða. Þetta er vel hægt, vegna þess að vísun persónufornafna getur ýmist verið innan málsins eða út fyrir það, og ef við notum *þau* getum við sagt að við séum ekki að vísa í orðið *kennari* eða *Akureyringur* í setningunni á undan, heldur í hópinn sem um er að ræða. En það versnar í því þegar við förum að skoða sambeygingu innan setningar. Það er eiginlega alveg ómögulegt að segja *Bæði kennararnir eru hress* eða eitthvað í þá átt, og þar væri raunverulega verið að misþyrma málkerfinu finnst mér. Í sumum tilvikum er hægt að nota eignarfallssamband í stað þess að láta fornafnið samræmast nafnorðinu – segja *Sumar/Sum kennaranna eru hressar/hress*. Þriðji kosturinn er svo að halda þessu óbreyttu – segja að í þessu tilviki sé um málfræðilega flokkun að ræða sem ekki þurfi að tengja við líffræðilegt kyn. Ég veit ekki hvað fólk segir um þetta, en ég sé ekki aðra leið.

3. *hán*

Snúum okkur nú að nýja þriðju persónu fornafninu sem stungið hefur verið upp á að innleiða í málið – *hán*. Ég ætla ekki að fara í gegnum rökin sem hafa verið færð fyrir því að það sé nauðsynlegt að taka þetta fornafn upp, heldur líta á helstu rök sem hafa verið færð gegn upptöku þess, eða hægt væri að hugsa sér að færa gegn henni, og bregðast við þeim.

Það er ekki hægt að breyta málkerfinu. Íslenska hefur fjögur föll, tvær tölur og þrjú kyn. Þessu er ekki hægt að breyta. Það er alveg rétt að það væri meira en lítið vafasamt að ætla sér að breyta þessu. Það væri mjög mikið inngríp í málkerfið. En athugið að ekkert slíkt hefur verið lagt til. Það eina sem hefur verið gert er að bæta við nýju fornafni, *hán*. Með því er ekki verið að bæta við fjórða kyninu í íslensku, því að *hán* er augljóslega hvorugkyn og hvorugkyn er fyrir í málinu. Það er bara verið að koma með nýtt orð sem leysir orð sem fyrir er af hólmi að hluta til. Í staðinn fyrir að hafa eitt orð, *það*, til að tákna 3. persónu eintölu, höfum við nú tvö, *það* og *hán*.

Þetta er meira að segja ekkert einsdæmi í málinu. Til skamms tíma höfðum við tvö fornöfn til að tákna 2. persónu – venjulega fornafnið *þú*, í fleirtölu *þið*, og svo *þér* bæði í eintölu og fleirtölu. Þessi fornöfn höfðu með sér verkaskiptingu, þannig að *þú* var notað við allar venjulegar aðstæður en *þér* við fólk sem maður þekkti ekki eða til að sýna virðingu. Svipað má segja um fyrstu persónuna – þar höfum við *ég*, í fleirtölu *við*, en fornafnið *vér* var notað í upphöfnu tali bæði fyrir eintöluna og fleirtöluna.

Fornöfn eru lokaður orðflokkur. Í skólum er yfirleitt kennt að orðflokkarnir skiptist í opna og lokaða flokka. Opnir eru þá þeir flokkar sem geta bætt við sig nýjum orðum – aðallega nafnorð, en einnig lýsingarorð, sagnir, og að einhverju marki atviksorð. Samtengingar, forsetningar og fornöfn eru aftur á móti taldir lokaðir orðflokkar því að í þá bætist ekki ný orð. Það er líka talað um þetta sem mun á inntaksorðum og kerfisorðum. En ef fornöfn eru lokaður orðflokkur, hvernig er þá hægt að bæta við nýju fornafni?

Hér er rétt að hafa í huga að orðflokkagreining er ekki greipt í stein og lokuðu orðflokkarnir eru ekki harðlokaðir. Orðið *allur* er t.d. greint sem lýsingarorð í eldri málfræðibókum. Nú er það alltaf greint sem óákveðið fornafn og samkvæmt því hefur þar bæst orð í lokaðan orðflokk. Það hafa líka bæst við forsetningar og samtengingar frá fornu máli til nútímamáls.

Í öðru lagi má spyrja af hverju þessir tilteknu orðflokkar sem ég nefndi séu lokaðir. Það er augljóst af hverju nafnorð, lýsingarorð og sagnorð eru opnir flokkar – það hlýst af eðli þessara flokka. Það eru alltaf að koma ný fyrirbæri eða nýjar hugmyndir sem þurfa nöfn, það þarf að lýsa fyrirbærum á nýjan hátt, og það eru alltaf að koma til nýjar athafnir eða aðgerðir.

Um fornöfn, forsetningar og samtengingar gegnir öðru máli. Orð af þessum flokkum hafa fyrst og fremst hlutverk innan málsins, eru kerfisorð, eins og áður segir – lýsa ákveðnum venslum milli orða og setninga. Slík vensl breytast ekki svo glatt og þess vegna er sjaldan þörf fyrir ný orð af þessum flokkum. Það má sem sé halda því fram að ástæðan fyrir því að þessir flokkar eru taldir lokaðir sé ekki sú að þeir geti ekki tekið við nýjum orðum, heldur fremur sú að við

þurfum svo sjaldan ný orð af því tagi sem þessir flokkar hafa að geyma. En ef við þurfum á þeim að halda, þá er alveg hægt að bæta þeim við.

Það vantar sérstaka fleirtölu fyrir *hán*. Sömu fleirtölumyndir eru notaðar fyrir *hán* og fyrir *það*, þ.e. *þau – þau – þeim – þeirra*. Þessar myndir hafa ekki á sér þann neikvæða blæ sem *það* hefur þegar *það* er notað um fólk og þess vegna er engin ástæða til að skipta þeim út fyrir eitthvað annað. Auk þess má benda á að þágufalls- og eignarfallsmyndirnar eru sameiginlegar öllum kynjum og því væri mjög óeðlilegt að setja eitthvað annað þar. Það er ekki heldur einsdæmi að tvö fornöfn deili sömu fleirtölumyndum – persónufornöfnin *hann* og *hún* hafa sömu fleirtölu og ábendingarfornöfnin *sá* og *sú*.

Það vantar sérstakt ábendingarfornafn sem samsvarar *hán*. Við höfum ábendingarfornöfnin *sá* og *þessi* sem samsvara *hann*, *sú* og *þessi* sem samsvara *hún*, og *þetta* sem samsvarar *það*. *það* er reyndar líka notað sem ábendingarfornafn í sama hlutverki og *sá* og *sú*, og því ætti alveg að vera hægt að láta *hán* gegna tvöföldu hlutverki á sama hátt. Það er hins vegar varla hægt að nota *þetta* um fólk – *það* hefur álíka neikvæðan blæ og *það*, sbr. bókina *Hann var kallaður „þetta“*. Æskilegast væri að fá ábendingarfornafn sem væri sjálfsprottið í hópi notenda.

Beyging *hán* er nafnorðabeyging, ekki fornafnabeyging. Beyging *hán* er *hán – hán – háni – háns*. Öll hvorugkynsorð, hvort sem er nafnorð, lýsingarorð eða fornöfn, eru eins í nefnifalli og þolfalli eintölu. –s er líka venjuleg eignarfallsending hvorugkynsorða. Það er einkum þágufallið sem hægt væri að deila um. Bent hefur verið á að flest fornöfn fái –u í þágufalli eintölu; *allt – öllu, sumt – sumu, sjálft – sjálfu, mitt – mínu*, o.s.frv., og því félli *hán* betur inn í kerfið ef þágufallið væri *hánu*. Þetta má til sanns vegar færa, en á móti má benda á að *hán* er persónufornafn og almennar reglur ná ekki til þeirra nema að sáralitlu leyti. Eins og við vitum öll er þágufallið af *það* ekki **þaðu* eða **þvíu* eða neitt slíkt, heldur *því* sem ekki endar á –u. Það er nokkuð öruggt að málnotendur læra myndir persónufornafna hverja fyrir sig án þess að styðjast við almenna reglu.

Þess vegna skiptir *það* í raun litlu máli fyrir börn á máltökuskeiði hvernig beygingin er – þótt málfræðingar geti bent á að –u sé eðlileg þágufallsending fornafna í hvorugkyni eru litlar líkur á að börn nýti sér *það* í máltökunni. Öðru máli gegnir hins vegar um fullorðna. Hér erum við í þeirri stöðu að vera að innleiða nýtt fornafn í mál fólks sem er komið af máltökuskeiði. Í slíkum tilvikum skiptir máli að hægt sé að hafa stuðning af einhverju öðru í kerfinu. Eitt af því sem málnotendur virðast helst nota til þess er rím – fólk leitar að einhverju sem rímar við *hán* og finnur þá *lán*, og beygir *hán* á sama hátt. Það er mun ólíklegra að fólk beri saman við önnur fornöfn.

***hán* er óheppilegt og ljótt orð.** Þetta er auðvitað smekksatriði. Mér fannst *hán* ljótt fyrst, en ég hef vanist því. Flest nýyrði hljóma undarlega eða kjánalega í byrjun og *það* er haft eftir Halldóri Halldórssyni prófessor að maður þurfi að segja nýtt orð sextíu sinnum til að venjast því. *hán* er auðvitað myndað með hliðsjón af *hann* og *hún* – hefst á *h*, endar á *n* og svo er sérhljóð þar á milli. Það má vitanlega velta fyrir sér hvert sérhljóðið ætti að vera. Sænska fornafnið *hen* er

vitaskuld fyrirmyndin þarna og það hefði komið til greina að taka það beint upp. Mér finnst *hán* samt íslenskulegra og það hefur þann kost að tengja *hann* og *hún* betur saman – *á* er nefnilega tvíhljóð þar sem fyrri hlutinn er *a* eins og í *hann* og seinni hlutinn *ú* eins og í *hún*.

Það á ekki að handstýra málinu. Þetta heyrir maður úr ýmsum áttum þótt mismunandi viðhorf liggi að baki. Mörg eru á móti handstýringu vegna þess að þau vilja ekki að málið breytist neitt, en önnur eru á móti vegna þess að þau vilja leyfa málinu að þróast og breytast án meðvitaðra afskipta málnotenda. Ég get haft samúð með báðum sjónarmiðum, en tilfellið er að málið er alltaf að breytast, og við erum alltaf að hafa afskipti af þeim breytingum.

Sum virðast gera grundvallarmun á því að koma í veg fyrir breytingar á málinu og gera breytingar á því – líta svo á að barátta gegn „þágufallssýki“, svo að dæmi sé tekið, sé barátta gegn breytingu á málinu. En það er hæpið viðhorf. Breytingin er þegar orðin í málkerfi stórs hluta málnotenda. Ef við krefjumst þess að þeir sem segja *mér langar* fari að segja *mig langar* í staðinn erum við í raun að gera kröfu um að þeir breyti máli sínu. Ég hef grun um að veruleg skörun sé milli þess hóps sem vill berjast með oddi og egg gegn þágufallssýki og þess hóps sem telur að ekki megi breyta málinu með því að innleiða nýtt persónuformafn. Mér finnst afstaða þess hóps órökrétt.

Að því sögðu get ég alveg tekið undir það að handstýring tungumálsins er almennt séð óæskileg. En það er ekki síður óæskilegt – og raunar alveg óviðunandi og óþolandi – að hópur fólks upplifi sig utangarðs í tungumálinu. Mér finnst meginatriði að réttur málnotenda til að eiga rými í tungumálinu hlýtur að vera æðri rétti tungumálsins til að vera í friði. Ég er ekki heldur sérlega hrifinn af kynjakvótum almennt en hef sannfærst um að þeir séu nauðsynlegir til að laga stöðu kvenna á ýmsum sviðum.

4. Lokaorð

Ég spurði í upphafi: Má gera kynusla í íslenskunni? Svar mitt er: Já, það er ekki bara leyfilegt að íslenskan breytist, eða sé breytt, til að koma til móts við breytt viðhorf – það er bráðnauðsynlegt. Annars vegar er það nauðsynlegt vegna málnotendanna. Tungumálið er ekki undanþegið jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum – það á ekki að mismuna fólki eða úthýsa því. Hins vegar er þetta nauðsynlegt vegna tungumálsins sjálfs. Líf íslenskunnar veltur á því að málnotendur tengi sig við hana, finnist hún vera sitt mál. Þess vegna þarf hún að breytast og endurnýja sig til að þjóna þörfum samfélagsins á hverjum tíma, eins og hún hefur alltaf gert. Hún þolir það alveg.